



Sjálfsmatsskýrsla fyrir 2023

Umbótaáætlun


Efnisyfirlit

Þættir til mats í Farskólanum.....	2
Framkvæmd og áætlun gæðamats 2023 – 2024.....	2
Framkvæmd gæðamats 2023 og helstu niðurstöður.....	4
EQM+ – gæðahringurinn.	4
Íslenska sem annað mál og Skref til sjálfshjálpar.....	4
Námsleiðin „Sterkari starfskraftur“.....	5
Raunfærnimat.....	5
Umbótaáætlun.....	7
Að lokum.....	7

Bættir til mats í Farskólanum

Farskólinn horfir til nokkurra þátta þegar ákveðið er hvaða þætti í starfsemi skólans skuli taka til mats; Lög um framhaldsfræðslu, 27/2010, reglugerð um framhaldsfræðslu 11637/2011, skipulagsskrá Farskólans og hina ýmsu samninga sem Farskólinn gerir. Sem dæmi um samninga má nefna samning við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um starfsemi skólans og samning við Rannís um íslenskukennslu fyrir fólk af erlendu bergi brotið.

Við upphaf árs 2023 var ákveðið að meta *ánægju/lærdóm* námsmanna í vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins og í íslensku fyrir útlendinga ásamt því að vinna að endurnýjun EQM. Mynd 1 sýnir helstu flokka sem hægt er að taka til mats.



Mynd 1. Myndir sýnir dæmi um flokka verkefna sem hægt væri að taka til mats.

Framkvæmd og áætlun gæðamats 2023 – 2024

Fyrri hluti töflunnar sýnir þá þætti sem teknir voru til mats árið 2023. Seinni hluti töflunnar sýnir þá þætti sem áætlaðir eru til mats árið 2024.

Tafla 1 Taflan sýnir matsáætlun og framkvæmd vegna 2023 og áætlun vegna ársins 2024.

Framkvæmd gæðamats 2023 og áætlun 2024				
Tími	Efni til skoðunar	Hverjir taka þátt	Nánar um markmið	Árangur/niðustaða
2023 Haust	EQM+ . Sjálfsmatslistar. <i>Gáttlistar. Umbótaáætlun.</i>	Gæðastjóri/verkefnastjórar Farskólans.	Að starfsmenn séu meðvitaðir um það að allt fræðslustarf tekur mið að EQM.	Niðurstaða rædd á starfsmannafundi til brýningar.
2023 v/h	FRÆÐSLA: Íslenska (þar á meðal „Skref til sjálfshjálpar“) <i>Leiðbeinendur, námsefni, lærdómur, skipulag.</i>	Erlendir námsmenn íslenskunámskeiða	Að 90% þeirra sem svara merki við mjög gott/ánægð eða gott/ánægð.	Niðurstaða send í sérstakri matsskýrslu á Rannís og Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.
2023	FRÆÐSLA: Sterkari starfskraftur. <i>Leiðbeinendur, námsefni, lærdómur og fl.</i>	Þátttakendur í námsleiðinni „Sterkari starfskraftur“.	Að 90% sem svara séu mjög ánægðir eða nokkuð ánægðir.	Niðurstaða rýnd á starfsmannafundi. Niðurstaða send á VMST í skýrslu.
2023 Haust	NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF	Þeir sem koma í náms- og starfsráðgjöf.	Á eftir að útfæra.	Ekki framkvæmt þar sem ráðgjafi er ekki í föstu starfi hjá Farskólanum.
2023	RAUNFÆRNIMAT: Undirbúningur; upplýsingar um raunfærnimatsferlið og matsviðtalið (framkvæmd) fagþekking matsaðila. Náms- og starfsráðgjöf í lokin.	Þátttakendur í raunfærnimati. Leikskólaliðar og stuðningsfulltrúar (í námi) ásamt starfsfólki sundlauga og íþróttahúsa.	Að 90% þeirra sem koma í raunfærimat telji sig hafa verið vel undirbúna fyrir matssamtalið	Framkvæmt haustið 2023. Allir sem tóku þátt töldu sig vel undirbúna eða nokkuð vel undirbúna fyrir matssamtalið.
2024	ÞJÓNUSTA - háskólanemendur. Yfirseta í prófum. Þjónusta í námsverunum.	Háskólanemendur í fjarnámi.	Að 90% þeirra sem taka próf í Farskólanum séu mjög ánægðir eða ánægðir með framkvæmd þjónustunnar.	Verður framkvæmt í lok vorannar 2024.
2024	FRÆÐSLA: Vottaðar námsleiðir <i>Leiðbeinendur, námsefni, skipulag, lærdómur.</i>	Nemendur í námsleiðunum: Grunnmennt og Leik- og stuð.	Að 90% þeirra sem svara séu mjög ánægðir eða ánægðir.	Verður framkvæmt í desember 2024.
2024	FRÆÐSLA: Matarhandverk. <i>Leiðbeinendur, aðstaða, lærdómur, nýtni.</i>	Þátttakendur í námskeiðum í matarhandverki.	Að 90% séu mjög ánægðir eða fremur ánægðir.	Verður framkvæmt við lok haustannar 2024.
2024	FRÆÐSLA: Íslenska sem annað mál. Leiðbeinendur, námsefni, lærdómur.	Þátttakendur í íslensku sem öðru máli.	Að 90% telji sig betri í að skilja og tala íslensku eftir námskeið.	Framkvæmt í lok hvers námskeiðs.
2024	Haust. EQM+ . Sjálfsmatslistar.			Nýr hringur hefst.

Framkvæmd gæðamats 2023 og helstu niðurstöður

Ákveðið var að gera breytingar á áætlun vegna ársins 2023 og senda ekki út könnun á þá sem höfðu farið í náms- og starfsráðgjöf.

EQM+ – gæðahringurinn.

Vinna við EQM hófst á haustönn 2023. Evrópska gæðamerkið EQM er gæðavottun sem styður við gæði fræðsluaðila og starfsemi þeirra í evrópsku samhengi. Nánari upplýsingar má finna á: <https://frae.is/gaedavottun/>. Árlega er lesið yfir gæðaviðmiðin og fjallað um þau innan starfsmannahópsins. Gæðaúttekt fór fram haustið 2022. Farskólinn fékk nýja viðurkenningu vorið 2023.

Helstu niðurstöður: Fjallað var um niðurstöður á starfsmannafundi. Starfsmenn Farskólans fylgja eftir gæðastöðlum. Þeir nota gátlista. Ástæða þótti til að skerpa á atriðum eins og skráningu *umbóta og kvartana* og *hvenær námskeiðum er lokið á formlegan hátt*. Skerpt var á vinnulagi og minnt á gátlista og fleira tengt EQM.

Íslenska sem annað mál og Skref til sjálfshjálpar

Samtals voru haldin 5 námskeið í íslensku sem öðru máli árið 2023 hjá Farskólanum. Þrjú voru styrkt af Rannís og tvö voru í formi námsleiðarinnar *Skref til sjálfshjálpar*. Námskeiðsmat var sent rafrænt í tölvupósti til allra þátttakenda og var svarhlutfall 59%. Markmiðið var að 90% þátttakenda væru ánægðir eða fremur ánægðir með hvern þátt sem verið væri að spyrja um. Sérstök áhersla var á að finna út um lærdóm þátttakenda, það er hvort þeir teldu sig hafa haft gagn af námskeiðinu; orðið betri í íslensku.

Helstu niðurstöður: Niðurstöður úr námskeiðsmati voru kynntar fyrir leiðbeinendum á fundi. Einnig fóru niðurstöður í sérstaka skýrslu sem send var til Skúla Leifssonar hjá Rannís og til Huldu Arnljótsdóttur hjá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu í janúar 2024.

Helstu niðurstöður má sjá í töflu 2. Athugasemdum þátttakenda var haldið til haga en ekki birtar hér:

Tafla 2 Taflan sýnir spurningar í námskeiðsmati fyrir íslensku sem annars máls og Skrefs til sjálfshjálpar.

Tafla 2 Íslenska sem annað mál og Skref til sjálfshjálpar		
	Spurningar	Mjög gott/vel eða fremur gott/vel
1	Hvernig fannst þér kennarinn miðla námsefninu / How did the teacher deliver the learning material?	100%
2	Fannst þér leiðbeinandinn hafa góða þekkingu á efninu? / In your opinion. Did the teacher have a good knowledge of the subject?	100%

3	General notes about the lesson (Pólverjar).	Sjá athugasemdir
3	Almennar athugasemdir um frammistöðu leiðbeinanda/General comments on teacher performance.	Sjá athugasemdir
4	Var kennslubókin/námsefnið gagnlegt / Was the study book / study material useful?	90%
5	Athugasemdir um kennslubókina – námsefnið / Do you have any comments about the study book - course material?	Sjá athugasemdir
6	Er auðveldara fyrir þig að tala og skilja íslensku eftir að hafa setið námskeiðið? / Is it easier for you to speak and understand Icelandic after the course?	90%
6	Do you think you have learned more in understanding and speaking Icelandic during the course? (Pólverjar)	100%
7	Með þínum eigin orðum um það hvort þér finnst þú hafa lært mikið eða lítið / In your own words about whether you feel you have learned a lot or a little in Icelandic?	Sjá athugasemdir
7	In your words? Did you learn a lot or a little in Icelandic? (Pólverjar)	Sjá athugasemdir
8	Var námskeiðið vel skipulagt? / Was the course well planned/organized?	96%
9	Hvernig getur Farskólinn bætt sig í að skipuleggja og kenna íslensku? / How can Farskólinn improve in planning and teaching Icelandic?	Sjá athugasemdir
10	Hversu ánægð/ur ertu með þjónustu Farskólans? / How satisfied are you with the service provided by Farskólinn?	97%

Niðurstöður úr námskeiðsmati vegna íslensku sem annars máls (Skref til sjálfshjálpar þar með talið) eru að mati Farskólans samkvæmt þeim markmiðum sem sett voru, um að um 90% þátttakenda væru mjög ánægðir eða fremur ánægðir með námskeiðið. Verkefnastjórar rýndu í niðurstöðurnar og athugasemdir þátttakenda á íslenskunámskeiðum 2023 á starfsmannafundi eins og hefð er fyrir í Farskólanum.

Námsleiðin „Sterkari starfskraftur“

Námsleiðin *Sterkari starfskraftur* er samtals 120 klukkustundir að lengd með leiðbeinanda. Samkvæmt námskránni er tilgangur námsins meðal annars: „að efla þekkingu og auka hæfni þeirra sem starfa eða hafa hug á að starfa við almenn skrifstofustörf og auka færni þeirra við upplýsingatækni. Markmiðið er að námsmenn fái aukna þekkingu og leikni til að takast á við örar breytingar samfara fjórðu iðnbyltingunni í atvinnulífinu.“

Námskeiðsmat var lagt fyrir þátttakendur á haustönn og svörun var mjög léleg þrátt fyrir ítrekun um að taka þátt. Á síðasta degi námskeiðsins var lagt fyrir rafrænt námskeiðsmat.

Helstu niðurstöður: Þrír luku við að svara námskeiðsmati. Þeir sem svöruðu könnunni voru ánægðir með námskeiðið og gáfu því 9,4 í meðaleinkunn

Raunfærnimat

Haustið 2023 var send út könnun til þeirra sem fóru í raunfærnimat hjá Farskólanum á árinu. Hóparnir voru tveir; annars vegar þeir þátttakendur sem fóru í raunfærnimat á móti námskrám

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabráur og þeir sem fóru í raunfærnimat á móti námskránum Sundlaugarvörður og Starfsmaður í íþróttahúsi. Tíu þátttakendur svöruðu könnuninni.

Helstu niðurstöður: Rýnt var í niðurstöður á starfsmannafundi. Starfsmenn telja að einhvers misskilnings hafi gætt með spurningar 6 og 7, því allir fengu samtál við ráðgjafa að loknu matsviðtali. Lærdómur er sá að rýna þarf í orðalag spurninga betur og orða þær skýrar í næsta mati. Sjá nánar í töflu 2.

Tafla 3 Taflan sýnir spurningar í mati á framkvæmd raunfærnimats árið 2023.

Tafla 3		
	Spurningar	Mjög gott/vel eða fremur gott/vel
1	Undirbúningur: Ég fékk kynningu á raunfærnimatsferlinu áður en ég tók ákvörðun um að fara í raunfærnimatið.	90%
2	Undirbúningur: Ég var upplýst/ur fyrir matsviðtalið sjálft. Það er, um það, hvernig matsviðtalið færi fram.	80%
3	Undirbúningur: Ég var undirbúin/nn fyrir matsviðtalið sjálft. Búin að fylla út færnimöppu og fylla út gátlistann.	100%
4	Matsaðili: Mér fannst matsaðili hafa góða þekkingu á viðfangsefninu.	100%
5	Matsaðili: Ég var almennt sátt/ur við matsaðferðir matsaðila eða þess sem tók við mig matsviðtal.	100%
6	Náms- og starfsráðgjöf: Ég fékk viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa að loknu raunfærnimatsviðtali.	50% svöruðu já
7	Náms- og starfsráðgjöf: Varstu ánægð/ur með veitta ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa, sem veitt var að loknu matsviðtalinu?	60% svöruðu já
8	Náms- og starfsráðgjöf: Ef þú varst ekki ánægð/ur með þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Getur þú bent á leiðir til úrbóta.	Engin svör.
9	Annað sem þú vilt taka fram um reynslu þína af því að koma í raunfærnimat?	Eitt svar: Frábært að fá að koma í raunfærnimat...

Umbótaáætlun

Við yfirlestur EQM voru athugasemdir færðar inn í sérstakt Excel skjal – svokallað umbótaskjal. Ef ástæða þótti til voru skjöl jafnóðum uppfærð og lagfærð.

Tafla 4 Taflan sýnir helstu umbætur sem þurfti að gera í kjölfar endurskoðunar matslista EQM og framkvæmdar námskeiðsmats.

Það sem þarf að laga	Hvernig	Hvenær	Ábyrgð
<i>Raunfærnimat</i> – skýrir verkferlar.	Skýrari verkferlar settir í vinnuskjal verkefnastjóra.	2023. Brýning.	Framkvæmdastjóri/gæðastjóri.
<i>Starfsáætlun</i> – Setja inn nákvæma lýsingu á matsáætlun ársins.	Sett í „format“ starfsáætlunar.	Desember 2023.	Framkvæmdastjóri/gæðastjóri.
<i>Námskeiðsmat</i> – framkvæmd - fyrirlögn	Leggja kannanir fyrir í síðustu kennsustund til að svörun verði sem best.	Brýning. Hefst markvisst árið 2023.	Allir verkefnastjórar.
<i>Gátlistar</i> : Kvartanir og ábendingar, Hvenær er námskeiði formlega lokið.	Með því að brýna fyrir starfsmönnum á starfsmannafundum að nota gátlistana.	Hautið 2023. Rennt yfir gátlista og þeir rýndir.	Framkvæmdastjóri. Allir.

Að lokum

Árið 2023 voru starfsmenn Farskólans þrír. Verkefni ritara var skipt á milli verkefnastjóra. Framkvæmdastjóri Farskólans sinnti verkefnum gæðastjóra eins og undanfarin ár.

Innra mati ársins 2023 telst lokið. Markmið ársins voru að endurskoðun gæðavísa EQM eins og reglur segja til um. Sérstök skoðun, umræða og framkvæmd námskeiðsmats í tveimur vottuðum námsleiðum ásamt námskeiðsmati í íslensku fyrir útlendinga og raunfærnimati.

Námskeiðsmatið var í öllum tilfellum rafrænt þar sem ákveðin slóð inn á kannanirnar var send til þátttakenda í tölvupósti. Ljóst er að til að svörun verði betri en raun bar vitni verður að leggja matið fyrir í síðustu kennslustund. Það er brýnt að fylgja því eftir.

Þessi skýrsla fer á heimasíðu Farskólans og er þar með öllum opin.

Sauðárkrókur 28. desember 2023.

Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri Farskólans.